



# Sjálfbærniskýrsla

2021



## Ávarp framkvæmdastjóra

31. maí 2022

Ágæti lesandi,

Samfélagsábyrgð með sjálfbærni að leiðarljósi hefur birst í starfsemi Verkís frá upphafi, svo sem í gæðaferlum og sérstökum áherslum á umhverfis- og öryggismál. Verkís tekur hlutverk sitt sem þátttakandi í samfélaginu alvarlega og leitar stöðugt nýrra leiða til að veita ráðgjöf sem styður við uppbyggingu sjálfbærra samfélaga.

Verkfræðingar og hönnuðir eru áhrifavaldar þegar kemur að sjálfbærni og tækniþróun, enda oft á tíðum lykilaðilar í rannsóknum og verkefnum sem tengjast nýsköpun. Í störfum okkar horfum við í átt að sjálfbærni og leggjum áherslu á að lágmarka neikvæð áhrif af þeim verkefnum sem við höfum átt aðkomu að.

Vorið 2021 voru teknir upp fjarvinnusamningar hjá Verkís en þeir gera starfsfólki kleift að vinna einn til fjóra virka daga vikunnar heima. Þetta kemur í kjölfar þeirra breyttu aðstæðna sem sköpuðust í heimsfaraldri en margir sýndu áhuga á því að sinna vinnu sinni bæði að heiman og á skrifstofunni. Aukin heimavinna hefur bæði haft neikvæð og jákvæð áhrif á losun gróðurhúsalofttegunda hjá Verkís. Heildarlosun tók stökk á milli ára vegna tækjakaupa, annars vegar vegna uppsafnaðrar endurnýjunarþarfar og hins vegar vegna heimabúnaðar vegna fjarvinnusamninga. Kolefnisspor tækjanna reiknast á allt kaupárið þó líftími þeirra sé talsvert lengri.

Minnkun hefur orðið á umfangi sem viðkemur orku, húshitun, utanlandsferðum, prentun og úrgangi. Heimsfaraldurinn hefur áhrif á að losun dregst saman milli ára en einnig hefur fermetranotkun á hvern starfsmann minnkað í höfuðstöðvum Verkís þar sem fyrirtækið nýtir nú fjórar hæðir í stað fimm. Þá hefur losun vegna ferða starfsfólks dregist saman um 31% og kemur það til vegna aukinnar heimavinnu og notkunar fjarvinnusamninga.

Umfjöllunarefni þessarar skýrslu er ætlað að varpa ljósi á hvernig okkur hefur gengið að innleiða sjálfbærniþætti, bæði í rekstri stofunnar og þeirri þjónustu sem við veitum, sem og að uppfylla þau markmið sem við settum okkur um sjálfbærni á árinu. Skýrslan byggist á UFS (Umhverfi, Félagslegir þættir og Stjórnarhættir) leiðbeiningum Nasdaq. Hún er send til UN Global Compact til að uppfylla skuldbindingu við félagið en fyrst og fremst hvetur skýrslugerðin okkur sjálf til að horfa yfir farinn veg og finna nýjar leiðir til að gera ætíð betur.

Með kærri kveðju,

**Egill Viðarsson**

Framkvæmdastjóri



## Gildi og siðareglur

Verkís kappkostar að láta gott af sér leiða fyrir viðskiptavinum, starfsmenn, samstarfsaðila, þjóðfélagið og umhverfið. Eftirtalin gildi eru leiðarljós okkar:



**HEILINDI**



**METNAÐUR**



**FRUMKVÆÐI**

Verkís gerir sér grein fyrir samfélagslegu mikilvægi sínu sem þekkingarfyrirtæki og hefur á þeim grundvelli sett sér eftirfarandi siðareglur sem ná til innri og ytri starfsemi fyrirtækisins.

Tilgangurinn er að sporna við spillingu, draga fram samfélagslega ábyrgð starfseminnar og skerpa á þeim siðferðislegu viðmiðum sem Verkís leggur áherslu á í störfum sínum.

### STARFSHÆTTIR

- Við leysum störf okkar samviskusamlega af hendi í samræmi við gott siðferði, heiðarleika og ábyrgð og stuðlum þannig að virðingu og góðu orðspori Verkís.
- Við leggjum okkur fram við að eiga jákvæð, hreinskilin og heiðarleg samskipti við samstarfsfólk, viðskiptavinum og aðra hagsmunaaðila.
- Við virðum trúnað og gætum þagnismælsku gagnvart samstarfsfólki og viðskiptavinum.
- Við höldum í heiðri persónuverndarsjónarmið við vinnslu upplýsinga sem okkur er trúnað fyrir.
- Við forðumst hagsmunaárekstra og gætum að hlutleysi í störfum okkar.

### ÞEKING OG MIÐLUN

- Við endurnýjum faglega þekkingu okkar og færni þannig að þjónusta okkar sé ávallt sú besta sem völ er á hverju sinni.
- Við leitumst við að miðla þekkingu til hagsmunaaðila og samfélagsins með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.

### SAMFÉLAGSLEG ÁBYRGÐ

- Við leggjum áherslu á gagnsæi við allar ákvarðanatökur er varða starfsemina.
- Við styðjum og virðum mannréttindi og viðurkennum mikilvægi þeirra.
- Við leggjum okkur fram við að leita lausna og veita þjónustu sem samræmist meginviðmiðum um sjálfbæra þróun.
- Við höfum að leiðarljósi að hvetja til aukinnar samfélagslegrar vitundar og ábyrgðar og leggjum þannig áherslu á að sporna við óviðeigandi háttsemi.
- Við virðum réttarríkið og viðurkennum að fylgni við lög og aðrar réttarreglur er ófrávíkjanleg.



## Hlutverk og stefnur

Hlutverk Verkís er að skapa verðmæti og styðja þróun samfélagsins og innviða þess með faglegri ráðgjöf og hönnun.


Stefnumið Verkís er að leggja áherslu á fyrsta flokks þjónustu og hefur að markmiði að vera besta kostur fyrir:

- Viðskiptavinum með traustri ráðgjöf sem uppfyllir þarfir þeirra á skilvirkan og hagkvæman hátt.
- Starfsfólk með góðu og hvetjandi vinnuumhverfi þar sem starfsfólki líður vel og þróar hæfileika sína.
- Samfélagið með áherslu á ábyrga starfshætti, sjálfbærni og nýsköpun.

Verkís leggur mikinn metnað í að allir geti notið góðs af starfsemi fyrirtækisins. Við hvetjum til ábyrgðar í störfum okkar, horfum til framtíðar með sjálfbærni að leiðarljósi, og höfum þannig jákvæð áhrif á samfélagið og umhverfi okkar.

Verkís hefur sett sér gæðastefnu, mannauðsstefnu og samfélagsstefnu í takt við stefnumiðin. Áhersla er lögð á stöðugar umbætur og er starfsemin vottuð samkvæmt ÍST 85 Jafnlaunastaðli og alþjóðlegum stjórnunarstöðlum:

- Gæðastjórnunarstaðlinum ISO 9001.
- Umhverfisstjórnunarstaðlinum ISO 14001.
- Öryggis- og heilbrigðisstaðlinum ISO 45001.



Verkís styður við Global Compact sáttmálann, tileinkar sér Heimsmarkmið SP, er aðili að Grænni byggð og Festu, auk þess að hafa skrifað undir Nordic Built sáttmálann og loftslagsyfirlýsingu Festu og Reykjavíkurborgar.



## UN Global Compact

UN Global Compact er samstarfsverkefni Sameinuðu þjóðanna og einkaaðila um að fylgja tíu viðmiðum Sameinuðu þjóðanna um samfélagslega ábyrgð. Viðmiðin hvetja fyrirtæki til að leggja sitt að mörkum á sviði mannréttinda, vinnumarkaðsmála, umhverfismála og í baráttunni gegn spillingu.

Samfélagsábyrgð með sjálfbærni að leiðarljósi hefur birst í starfsemi Verkís frá upphafi þar sem undanfarar hafa tekið stóran og virkan þátt í sjálfbærri þróun og innviðauppbyggingu íslensks samfélags síðustu 90 ár. Með þátttöku í Global Compact ætlar Verkís sér að samþætta enn frekar sjálfbærar áherslur í starfsemi sína og halda áfram að taka virkan þátt í þróun sjálfbærni fyrir íslenskt og erlend samfélag. Verkís skrifaði undir UN Global Compact í maí 2018 og fylgir eftir skuldbindingunni með árlegri skýrslugerð.





## Heimsmarkmið SP

Fulltrúar aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna (SP) komu sér saman um 17 heimsmarkmið til að vinna betur saman að sjálfbærri þróun til ársins 2030. Með markmiðunum hafa aðildarríkin og atvinnulífið öðlast mikilvægan leiðarvísi í átt að velsæld komandi kynslóða.

Starfsemi Verkís er í tengslum við flest heimsmarkmiðanna en fyrirtækið styður markvisst við þrjú þessara markmiða, sem tengjast stefnuáherslum og starfsemi fyrirtækisins á beinan hátt og fléttast vel saman við stuðning Verkís við UN Global Compact.



### Markmið 5 - Jafnrétti kynjanna

Frá upphafi hefur Verkís lagt ríka áherslu á jafnréttismál. Árið 2012 var Verkís fyrst íslenskra fyrirtækja til að hljóta gullmerki PwC eftir jafnlaunaúttekt og hlaut það aftur árið 2018. Árið 2018 var Verkís fyrsta verkfræðistofan á Íslandi til að fá jafnlaunavottun Jafnréttisstofu.



### Markmið 7 – Sjálfbær orka

Hjá Verkís starfa helstu sérfræðingar landsins í sjálfbærri orkunýtingu sem hafa komið að hönnun fjölmargra orkumannvirkja. Í samvinnu við atvinnulífið tekur Verkís þátt í að miðla þekkingu um jarðvarma- og vatnsorku og hitaveitu jafnt innanlands sem á erlendri grund.



### Markmið 11 – Sjálfbærar borgir og samfélög

Hjá Verkís er veitt ráðgjöf með vistvænum áherslum og er þá horft til þriggja þátta, vistvænnar hönnunar, lífferilsgreininga og samfélagsgreininga. Vistvænar áherslur vega á móti umhverfisáhrifum mannvirkis á líftíma þess auk þess að draga úr kolefnisfótspori, fjárhagslegri soun og viðhalda öryggi og þægindum notenda án þess að það bitni á umhverfi eða fjárhag.

## Grænni byggð

Grænni byggð (áður Vistbyggðaráð) eru félagssamtök sem rekin eru án hagnaðarmarkmiðs og starfa sem partur af alþjóðlega tengslanetinu World Green Building Council sem 70 ríki víðsvegar um heim eru partur af. Starfsmaður Verkís hefur verið stjórnarformaður Grænni byggðar frá árinu 2019.

Tölur sýna að rekja megi um helming allrar auðlindanýtingar og allt að 30-40% orkunotkunar og útblásturs til byggingariðnaðarins, sem gerir hann að þeim iðnaði sem losar mest af gróðurhúsalofttegundum á heimsvísu.

Verkís starfar með Grænni byggð að því að breyta hinu byggða umhverfi til vistvænni háttar þannig að Ísland standi við skuldbindingar sínar í loftslagsmálum:

Við gerð og hönnun bygginga skulu valin efni og aðferðir er henta við íslenskar aðstæður, leitast við að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif, velja vistvænar lausnir þar sem það er mögulegt og miðla hönnunina við allan líftíma þeirra. Leitast skal við að lágmarka auðlindanotkun og hámarka notagildi, hagkvæmni og þægindi notenda.



GRÆNNI  
BYGGÐ  
GREEN BUILDING  
COUNCIL ICELAND



## Festa og loftslagsyfirlýsing Verkís

Verkís er félagi í Festu - miðstöð um samfélagsábyrgð sem eru frjáls félagasamtök með aðsetur í Háskólanum í Reykjavík.

Hlutverk Festu er að auka þekkingu á samfélagsábyrgð fyrirtækja og stuðla að aukinni sjálfbærni. Festa tengir saman ólíka aðila; fyrirtæki, sveitafélög og einstaklinga sem vilja vera leiðandi á sviði samfélagsábyrgðar og sjálfbærni.



Í nóvember 2015 skrifaði framkvæmdastjóri Verkís, ásamt forsvarsmönnum fleiri fyrirtækja, undir yfirlýsingu um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Þetta var stór áfangi, sem vakti athygli á alþjóðlegum vettvangi og var kynnt á Parísarráðstefnunni um loftslagsmál í lok árs 2015.






Verkís ætlar að sýna samfélagslega ábyrgð í verki með því að:

- Draga úr losun gróðurhúsalofttegunda
- Minnka myndun úrgangs
- Mæla árangurinn og gefa reglulega út upplýsingar um stöðu ofangreindra þátta



## MARKMIÐ OG ÁRANGUR Í LOFTSLAGSMÁLUM

KOLEFNISJAFNAÐ  
FYRIRTÆKI ÁRIÐ  
**2030**

	Hlutfall starfsmanna sem nota vistvænar samgöngur <small>- með hvatningu, styrkjum og aðstöðusköpun</small>	2015	2021	2030
		20%	37%	60%
	Fjöldi umhverfisvænna innanbæjarfarartækja <small>- skipta út núverandi farartækjum fyrir ný af vistvænni gerð</small>	2015	2021	2030
		1	5	öll
	Hlutfall endurvinnslu <small>- fræðsla og hvatning</small>	2015	2021	2030
		79%	85%	95%
	Magn af sorpi á hvern starfsmann <small>- draga úr úrgangsmýndun með breyttum innkaupum</small>	2015	2021	2030
		93kg	79kg	58kg
	Kolefnisspor hvers starfsmanns <small>- draga úr losun og kolefnisjafna með skógrækt og endurheimt vatlendis</small>	2015	2021	2030
		1,1 tonn	0,6 tonn	0 tonn



## Verkís kolefnisjafnar með endurheimt votlendis



Verkís hefur, í samvinnu við Votlendissjóð, jafnað út losun gróðurhúsalofttegunda vegna starfseminnar fyrir árin 2018 og 2019. Er þetta hluti af verkefnum innan loftslagsyfirlýsingar Festu sem Verkís skrifaði undir. Verkís hefur því að fullu kolefnisjafnað starfsemi sína síðastliðin ár. 2016 og 2017 var það gert með skógrækt og svo með endurheimt votlendis 2018, 2019 og 2020 og að sjálfsögðu verður haldið áfram á sömu braut en Verkís er að móta sér stefnu um kolefnisjöfnun til framtíðar þar sem horft verður til þriggja þátta sjálfbærni við leiðir til kolefnisjöfnunar.

Samgöngur eru langstærsti þátturinn í kolefnisspori Verkís, einkum flugferðir, bæði innanlands og utan, en einnig verkefnatengdur akstur. Því sveiflast kolefnissporið á milli ára og endurspeglar verkefnastöðuna og hvar verið er að vinna. Sem dæmi má nefna að árið 2018 þegar talsverð vinna var við Þeistareykjavirkjun og Bakka jókst losunin en lækkaði aftur árið 2019 þegar þeim verkum var lokið. Breyttir tímar og aðstæður 2020 vegna Covid-19 faraldursins höfðu því mikil áhrif á kolefnisspor Verkís það árið.

*Smellið hér til að lesa meira*





## Umhverfi (U)

UN GC Viðmið 7, 8 og 9

### Umhverfisstjórnun – Grænt bókhald




Verkís starfar eftir vottuðu umhverfisstjórnunarkerfi skv. ISO 14001, en með því er haldið utan um markmið og umbætur fyrirtækisins í umhverfismálum og tryggt að kröfur sem gerðar eru til fyrirtækisins í málaflokkunum séu uppfylltar. Þeir umhverfisþættir sem teljast þýðingarmestir til að draga úr umhverfisáhrifum af starfsemi fyrirtækisins eru vaktaðir og árangur af stjórnun þeirra birtur í sjálfbærnisýrslu.


Vorið 2021 voru teknir upp fjarvinnusamningar hjá Verkís en þeir gera starfsfólki kleift að vinna einn til fjóra virka daga heima. Þetta kemur í kjölfar þeirra breyttu aðstæðna sem sköpuðust í heimsfaraldri en margir sýndu áhuga á því að sinna vinnu sinni bæði að heiman og á skrifstofunni. Aukin heimavinna hefur bæði haft neikvæð og jákvæð áhrif á losun gróðurhúsalofttegunda hjá Verkís. Heildarlosun tók stökk á milli ára vegna tækjakaupa, annars vegar vegna uppsafnaðrar endurnýjunarþarfar og hins vegar vegna heimabúnaðar vegna fjarvinnusamninga. Kolefnisspor tækjanna reiknast á kaupárið þó líftími þeirra sé talsvert lengri. Aukin heimavinna mun hins vegar leiða til lækkunar á kolefnisspori vegna ferða starfsmanna til og frá vinnu.

Minnkun hefur orðið á umfangi sem viðkemur orku, húshitun, utanlandsferðum, prentun og úrgangi. Heimsfaraldurinn hefur áhrif á að losun dregst saman milli ára en einnig hefur fermetranotkun á hvern starfsmann minnkað í höfuðstöðvum Verkís þar sem fyrirtækið nýtir nú fjórar hæðir í stað fimm. Þá hefur losun vegna ferða starfsfólks dregist saman um 31% og kemur það til vegna aukinnar heimavinnu og notkunar fjarvinnusamninga.


U1 - Losun gróðurhúsalofttegunda



U6 - Vatnsnotkun



U3 - Orkunotkun



### Loftslagsmarkmið – Kolefnisjöfnun





Sem hluti af loftslagsverkefni Festu og Reykjavíkurborgar hefur Verkís sett sér það markmið að stefna að því að verða kolefnishlutlaust árið 2030, m.a. með því að draga úr losun frá samgöngum, minnka umfang úrgangs og auka endurvinnslu. Stærsti hluti kolefnisspors fyrirtækisins kemur frá flugi vegna verkefna og er reynt að draga úr því eins og hægt er. Á síðasta ári var kolefnislosun 0,6 tCO<sub>2</sub> á hvern starfsmann sem er svipað og árið á undan. Síðustu ár hafa einnig opnað augu margra fyrir þeim möguleikum sem eru í boði til þess að takmarka óþarfa ferðalög, bæði flugferðir og bílferðir.

### Umhverfisáhrif verkefna

Verkís hefur búið til hið svokallaða Verkíshjól, sem gerir viðskiptavinum kleift að velja hvaða heimsmarkmið þeir vilja leggja áherslu á í hönnun mannvirkja. Af heimsmarkmiðunum 17 eru tíu sem passa sérstaklega við mannvirkjagerð og með þessu verkfæri má greina hvaða heimsmarkmið geta átt við um verkefnið en þau gefa góða mynd af helstu þáttum sjálfbærni. Geta verkefnastjórar og viðskiptavinir ákveðið að setja einhver af þessum markmiðum í verkefninu og þar með leggja áherslu á ákveðna þætti í gegnum verkefnið.

Á síðasta ári var einnig mótað verkfæri til að meta losun kolefnis frá verkefnum stofunnar sem verkefnastjórar geta sjálfir haldið utan um. Stór hluti af þessari losun er einmitt vegna ferða og hluti af verkfærinu hvetur verkefnastjóra til að draga sem mest úr ferðum vegna verkefna og haga þeim á annan hátt, t.d. með því að halda frekar fjarfundi.

### Hvatning til vistvænni ferðamáta

Verkís hvetur starfsfólk til vistvænna samgangna til og frá vinnu og vegna verkefnatengdra ferða. Fyrirtækið hefur til umráða nokkur farartæki. Um er að ræða tíu bíla, tvö rafmagnsreiðhjól og aðgang að Hopp leigurafskútum.



Til að efla vistvænar samgöngur býður fyrirtækið starfsmönnum sínum samgöngustyrki og býður upp á góða aðstöðu fyrir reiðhjól og búninga- og aðstöðu. Á árinu 2021 varð Verkís fimmti vinnustaðurinn á Íslandi til að hljóta Platínú hjólavottun fyrir hjólavænan vinnustað.



Þegar fyrirtækið flutti í nýjar höfuðstöðvar í Ofanleiti voru umhverfissjónarmið notuð sem grundvöllur fyrir ákvarðanatöku. Búsetugreining starfsmanna Verkís var höfð til hliðsjónar, auk góðu aðgengi að almenningssamgöngum. Árið 2018 fékk Verkís fyrst gullvottun Hjólavottunar og á árinu 2021 varð Verkís fimmti vinnustaðurinn á Íslandi til að hljóta Platínú hjólavottun fyrir hjólavænan vinnustað.




Starfsmönnum býðst afnot af fyrirtækjabílum, bæði vegna verkefna og í einkaerindum, sem hvetur en fremur til vistvænna samganga. Verkís hefur markvisst fjölgað vistvænum bílum og síðustu 3 ár hefur bæst einn nýr rafmagnsbíll í flotann á hverju ári. Þá eru hleðslustöðvar fyrir rafbíla starfsfólks við höfuðstöðvarnar í Ofanleiti.

Á árinu 2021 gaf Verkís Framhaldsskólanum í Mosfellsbæ níu tölvur sem notaðar verða við kennslu. Tölvurnar voru teknar í sundur og fengu nemendur því bókstaflega innsýn inn í hvernig búnaðurinn lítur út og einnig hvernig hann virkar. Þá seldi Verkís Advania 25 notaðar borðtölvur og fékk Verkís greiddar fimm þúsund krónur fyrir hverja vél í formi inneignar. Vélarnar voru allar eldri en fimm ára og því hættar í rekstri hjá Verkís.

Verkís mun áfram bjóða starfsfólki að endurnýta þau raftæki sem falla til. Einnig bjóða sumir vélbúnaðarframleiðendur uppá það að taka gamlan tölvubúnað upp í þegar nýr búnaður er keyptur og hefur Verkís nýtt það þegar við á.

Markmiðið er að farga raftækjum á enn umhverfisvænni hátt, þannig að sem hæsta mögulega hlutfallið sé endurnýtt og endurunnið en í raftækjum er að finna verðmæt og sjaldgæf hráefni á borð við gull og aðra málma.

Á síðasta ári voru keypt tvö ný rafmagnsreiðhjól en þau eru sérstaklega ætluð til að hvetja starfsfólk Verkís til að prófa vistvænan samgöngumáta til og frá vinnu í samræmi við Sjálfbærnistefnu Verkís. Starfsfólk hefur að auki þann kost að nota rafskútur HOPP á kostnað fyrirtækisins til að sinna erindum á vinnutíma.



Mælikvarðar um umhverfi má finna á heimasíðu Verkís Sjálfbærni | [www.verkis.is](http://www.verkis.is)



## Félagslegir þættir (F)

UN GC Viðmið 3, 4, 5 og 6

### Jafnrétti kynja



Á heimasíðu íslenskra stjórnvalda um heimsmarkmiðin kemur fram að helstu áskoranir Íslands hvað varðar fimmta markmiðið, sem fjallar um jafnrétti kynjanna, eru; kynjaskipting starfa á vinnumarkaði og kynbundið námsval, misvægi kynja í efstu lögum atvinnulífsins, að draga markvisst úr kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og að hækka hlutfall feðra sem taka fæðingarorlof.

Hjá Verkís er unnið eftir jafnréttisáætlun sem byggir á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt karla og kvenna. Í áætluninni eru m.a. markmið um að tryggja að starfsfólki séu greidd sömu laun fyrir sambærilega vinnu óháð kyni, að gæta jafnræðis við allar ráðningar, auka hlut kvenna í tækni- og stjórnunarstöðum, að samræma vinnu og einkalíf á sem bestan máta og að vinna gegn kynferðislegu og kynbundnum ofbeldi. Þessi markmið fyrirtækisins endurspeglar vel áherslur Íslands um jafnrétti kynjanna.



99%

Hlutfall starfsfólks sem telur að Verkís leggi áherslu á jafnrétti kynjanna

Í árlegri viðhorfsskönnun starfsfólks Verkís eru nokkrar spurningar sem snúa að jafnrétti og sýna niðurstöðurnar að þessi þáttur er einn af styrkleikum fyrirtækisins. Starfsfólk

Verkís er mjög ánægt með hvernig staðið er að jafnréttismálum. Spurningin „Á mínum vinnustað er skýr stefna um jafnrétti kynjanna“ er með einkunnina 4,72 af 5 mögulegum. Sveigjanleiki í vinnu er einnig einn af styrkleikaþáttum Verkís í viðhorfsskönnuninni en sveigjanleiki í vinnu getur stuðlað að jafnrétti á vinnumarkaði. Spurningin „Ertu ánægð(ur) eða óánægð(ur) með þann sveigjanleika sem þú hefur í vinnunni“ er hæsta einkunnin í könnuninni með 4,77.



99%

Hlutfall starfsfólks sem er ánægt með sveigjanleika í starfi

### Gætum að jafnrétti í launum



JAFNLAUNAVOTTUN  
2018 - 2021


Árið 2012 var Verkís fyrst allra fyrirtækja á Íslandi til að hljóta gullmerki PwC en gullmerkið þýðir að óútskýrður launamunur á grunn- og heildarlaunum karla og kvenna er minni en 3,5% samkvæmt jafnlaunagreiningu PwC. Óútskýrður launamunur hjá Verkís greindist um 2% körlum í vil og var það langlægsti munur sem PwC hafði séð á þeim tíma. Fyrirtækið fór aftur í gegnum jafnlaunagreiningu PwC árið 2018 og þá greindist launamunur körlum í vil um 1%. Verkís hlaut árið 2018 jafnlaunavottun BSI sem staðfestir að stjórnunarkerfi Verkís er í samræmi

við jafnlaunastaðalinn ÍST 85 og enginn óútskýrður launamunur sé fyrir hendi hjá Verkís. Hins vegar er útskýrður launamunur 2,7% konum í óhag. Hafa skal í huga að sitthvort mælingatækið er notað við jafnlaunagreiningar hjá PwC og í úttektum hjá BSI sem skýrir þennan mun í niðurstöðum. Eftirfarandi niðurstöður eru frá launagreiningum vegna úttektar BSI.

2021: Kynbundinn útskýrður launamunur var 1,7% konum í óhag.

2020: Kynbundinn útskýrður launamunur var 2,7% konum í óhag.

2019: Kynbundinn útskýrður launamunur 3,2% konum í óhag.



### Aukum hlut kvenna í fyrirtækinu

Verkís hefur unnið að því lengi að auka hlut kvenna í fyrirtækinu og þá sérstaklega hjá tæknifólki og í stjórnunarstöðum. Undanfarin ár hefur hlutfall kvenna hjá fyrirtækinu smám saman aukist og er nú heildarhlutfallið um 32%. Í efstu stjórnunarlögunum er hlutfall kvenna 41% og konur eru um 20% af útseldu tæknifólki. Árið 2019 var í fyrsta sinn í sögu Verkís kvenmaður kosinn stjórnarformaður en frá lagasetningu um kynjakvóta í stjórnnum fyrirtækja árið 2010 hefur alltaf verið gætt að hlutfalli kvenna í stjórn fyrirtækisins.

### Vinnum gegn kynbundnu og kynferðislegu ofbeldi

Í mannauðsstefnu Verkís kemur skýrt fram að einelti, ofbeldi, kynferðisleg áreitni og önnur óviðeigandi hegðun er ekki liðin hjá fyrirtækinu og eru slík mál brot á starfsskyldum. Unnið er eftir sérstakri viðbragðsáætlun ef slík mál koma upp og er ákveðið teymi sem skoðar málin ásamt stjórnendum.



Einnig koma utanaðkomandi sérfræðingar að málum þegar á þarf að halda. Reglulega er starfsfólk frætt um forvarnir og viðbrögð gegn einelti og kynbundnu ofbeldi.



### Heilsa og vellíðan starfsfólks



Verkís leggur mikinn metnað í að búa starfsfólki sínu öruggt og heilbrigt starfsumhverfi. Fyrirtækið leggur áherslu á jafnvægi milli einkalífs og vinnu m.a. með því að bjóða upp á sveigjanlegan vinnutíma. Fyrirtækið leggur árlega viðhorfsskönnun fyrir starfsfólk til að mæla starfsánægju og líðan á vinnustað með það að markmiði að finna leiðir til gera betur og auka vellíðan og heilsu starfsfólks. Í áherslum Íslands í heimsmarkmiðunum getur Verkís helst stutt við það markmið að stuðla að almennu heilbrigði og vellíðan starfsfólks og minnka líkur á langvinnum sjúkdómum sem tengja má við lífstíl.

#### *Stuðlum að almennu heilbrigði og vellíðan*

Verkís býður starfsfólki árlega upp á heilsufarsskoðun til að fylgjast með almennri heilsu og er alltaf mjög góð þátttaka í því. Einnig býður fyrirtækið upp á bólusetningu gegn árlegri influensu þar sem heilbrigðisstarfsfólk mætir í fyrirtækið til að auðvelda starfsfólki aðgengi. Verkís tekur þátt í kostnaði starfsfólks við íþróttaiðkun og almenna heilsubót með það að markmiði að auka líkamlega og andlega heilsu starfsfólks. Verkís er með samning við vinnusálfræðing og trúnaðarlækni og býðst starfsfólki að nýta sér þá þjónustu þegar á þarf að halda.

Fyrirtækið hvetur einnig starfsfólks til almennrar heilsubótar m.a. með því að taka þátt í ýmsum hreyfivíðburðum eins og Hjólað í vinnuna, Lífshlaupinu og heimasmiðaðri sundlaugakeppni. Frá upphafi hefur Verkís hafnað ofarlega í þessum keppnum enda mikill metnaður fyrir hendi.



#### *Sköpum heilsusamlegt og styðjandi vinnumhverfi*

Niðurstöður úr árlegri viðhorfsskönnun sýna að starfsfólk Verkís er almennt mjög ánægt í starfi hjá Verkís en heildareinkunn fyrirtækisins árið 2021 var 4,29 (af 5 mögulegum). Í könnuninni er spurt um níu lykilþætti í innra starfsumhverfi fyrirtækja m.a. um vinnuaðstöðu, stjórnun, ánægju og stolt, sveigjanleika í starfi, starfsanda og fleira sem hefur áhrif á vellíðan og ánægju starfsfólks í vinnu. Eins og fram kom í kaflanum um jafnrétti voru þættirnir um sveigjanleika í vinnu og jafnréttismál helstu styrkleikar fyrirtækisins en einnig er starfsfólk ánægt með starfsandann (4,5) og það er mikil starfsánægja og stolt sem starfsfólk finnur fyrir (4,44).

Í samanburði við önnur fyrirtæki stendur Verkís sig mjög vel og er vel fyrir ofan meðallag í flest öllum þáttum könnunarinnar.





## Öryggi starfsfólks



Verkís stýrir öryggis-, heilbrigðis- og vinnumhverfismálum með vottuðu öryggisstjórnunarkerfi skv. ISO 45001 með því markmiði að tryggja öruggt og heilbrigt vinnumhverfi starfsmanna. Árið 2020 var öryggisstjórnunarkerfið uppfært úr OHSAS 18001 í ISO 45001. Verkís leggur áherslu á að allir komi heilir heim og að efla öryggisvitund starfsfólks í daglegu lífi sem og í verkefnum á vegum fyrirtækisins. Fylgst er með frammistöðu í málaflokknum út frá skilgreindum þáttum, þ.á.m. skráning á atvikum. Árið 2021 varð eitt fjarveruslys þegar starfsmaður var á leið til vinnu. Atvikið var tilkynnt til Vinnueftirlits og Slysatrygginga Íslands.

Helstu áskoranir öryggismála árið 2021 var Covid-19 faraldurinn og smit- og sóttvarnir vegna þessa á vinnustöðum Verkís. Fjöldatakmarkanir og reglur um grímunotkun voru settar í samræmi við gildandi takmarkanir í samfélaginu hverju sinni.

Áfram var staðið að reglubundinni fræðslu um öryggismál fyrir starfsfólk, bæði almenn fræðsla og fræðsla um öryggismál í sérstökum störfum, s.s. í eftirliti á verkstað. Þá er starfsmönnum, mökum og stálpuðum börnum þeirra boðið upp á skyndihjálparnámskeið.

Í árlegri viðhorfskönnun starfsfólks er spurt um ánægju með öryggi hjá Verkís og fellur sú spurning undir þáttinn um vinnuskilyrði. Starfsfólk er almennt mjög ánægt með hvernig Verkís stendur að öryggismálum fyrirtækisins og fékk sú spurning einkunnina 4,73 (af 5 mögulegum) og var ein af fimm hæstu einkunnum hjá Verkís.



### S7 - Vinnuslysatiðni

0,4

LTIFR, þ.e. 1 fjarveruslys á árinu 2020 þegar starfsmaður var á leið til vinnu.

**Mælikvarðar um félagslega þætti er að finna á heimasíðu Verkís**



## Stjórnarhættir (S)

Stjórnarhættir Verkís taka mið af lögum um hlutafélög nr. 2/1995, samþykktum félagsins og starfsreglum stjórnar. Þá fylgir Verkís leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands, NASDAQ OMX Iceland hf. og Samtökum atvinnulífsins.

Um starfsemi hlutafélagsins gilda samþykktir sem það starfar eftir. Félagið er í eigu um 90 einstaklinga sem starfa hjá fyrirtækinu.

### Mannréttindi



Verkís leggur áherslu á að styðja og virða vernd alþjóðlegra mannréttinda í samræmi við innlend og erlend lög sem og Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna.

Verkís hafnar með öllu mannréttindabrotum, s.s. nauðungar- og þrælkunarvinnu, þ.m.t. barnaþrælkun og hefur skýra sýn og stefnu um að gerast ekki meðsek um slík brot.

Með markvissri stefnu og ferlum vill fyrirtækið hvetja til aukinnar samfélagslegrar vitundar og ábyrgðar.

Fyrirtækið leggur áherslu á að starfsfólki sé búinn farvegur til að koma slíkum málefnum á framfæri. Sérstakur vettvangur er til staðar í ábendingakerfi Verkís til að koma tilkynningum á framfæri um samfélagslega ábyrgð og möguleiki er til staðar að merkja skráninguna sem trúnaðarmál.

### Gegn spillingu

Verkís starfar í samræmi við siðareglur, og hvetur starfsfólk til að koma á framfæri ábendingum um mögulega siðferðisbresti, jafnt innanhúss sem utan. Þá vinnur Verkís gegn spillingu og mansali, hryðjuverkum og fjármögnun hryðjuverka, peningaþvætti, broti gegn umhverfi og náttúru ásamt öðrum ólögætum athöfnum eða athöfnum sem stangast á við góða og almennt viðurkennda háttsemi. Við siðferðismat horfir fyrirtækið til viðurkenndra viðmiða, s.s. ISO26000 og siðareglna Félags ráðgjafaverkfræðinga.

Mælikvarðar um stjórnarhætti er að finna á heimasíðu Verkís.



## Ráðgjöf Verkís á sviði sjálfbærni



Verkís hefur sett sér stefnu um að vera leiðandi á sviði vistvænnar hönnunar og hafa sjálfbærni að leiðarljósi í sinni vinnu. Hönnuðir Verkís hafa komið að hönnun vistvænna mannvirkja en í þeim er hugað að velliðan þeirra sem eiga að nota byggingarnar og sjá hönnuðir um að tryggja m.a. góða útfærslu lýsingar og rétta nýtingu dagsbirtu, hitastýringar og góða loftræsingu og hljóðvist. Þá er einnig hugað að orkusparnaði, vali á byggingarefnum, aðstöðu fyrir vistvænar samgöngur, aðstöðu til flokkunar á úrgangi og lágmörkun á mengun vegna framkvæmda og rekstrar. Verkís hefur á að skipa ráðgjöfum sem hafa réttindi til að vistvotta byggingar t.d. skv. Breeam vistvottunarkerfinu auk annarra kerfa.

Verkís er leiðandi á sviði ráðgjafar og hönnunar fyrir umhverfisvæna orkuvinnslu og hefur tekið veigamikinn þátt í uppbyggingu slíkrar orkuvinnslu á Íslandi. Fyrirtækið hefur tekið þátt í hönnun flestra virkjana hérlendis frá miðbiki tuttugustu aldar og er aðalhönnuður fjölda virkjana á landinu, bæði jarðvarma- og vatnsaflsvirkjana. Einnig hefur fyrirtækið séð um hönnun nokkurra virkjana á erlendri grundu eins og á Grænlandi, í El Salvador, Georgíu, Noregi, Tyrklandi og fleiri löndum.

Verkís gegnir líka mikilvægu hlutverki í kennslu og uppbyggingu á þekkingu við notkun sjálfbærrar orku erlendis. Starfsfólk hefur um áraraðir kennt nemendum við Jarðhitaskóla Sameinuðu þjóðanna en skólinn er mikilvægur þáttur í þróunaraðstoð Íslendinga.



Einnig vinnur Verkís að annarri umhverfisvænni orkuvinnslu eins og vindorku, sjávarfallaorku og nýtingu afgangsvarma með tvívökvavirkjunum.



## Sjálfbærni- og orkuskiptisstofnun 2021



### Endurbætur sundlaugarinnar Laugaskarði

Sundlaugin er ein elsta sundlaug landsins og var tekin í notkun árið 1938. Miklar endurbætur voru á sundlauginni sem laug í júlí 2021, þar sem Verkís sá um alla verkfræðihönnun. Í upphafi verks var öll byggingin þrívíddarskönnuð sem nýtist afar vel í endurbyggingu eldri bygginga.

### Verkís hannar þriðja áfanga Arnarnesveggar

Um er að ræða 1,9 km langan veg milli Rjúpnavegar og Breiðholtsbrautar, brýr, ljósstýrð vegamóta, hringtorg, undirgöng, ásamt göngu- og hjólastígum. Verkís sér um verkefnastýringu, veg- og gatnahönnun, brúarhönnun, samgöngutækni, jarðtækni, lýsingarhönnun, landlagshönnun og gerð útboðsgagna.



### Verkís tekur þátt í vinnu starfshóps um varnir gegn gróðureldum


Verkís á fulltrúa í starfshópi sem settur hefur verið saman af Húsnæðis- og mannvirkjastofnun. Hópnum er ætlað að vinna að fyrirbyggjandi aðgerðum um gróðurelda, einkum í formi forvarna og fræðslu.

### Verkís hannar gufuskilju fyrir jarðgufuvirkjun á Nýja Sjálandi

Verkið snýr að stækkun jarðvarmavirkjunarinnar Ngawha þar sem Verkís sá um verkhönnun gufuskilju sem skilar 99.995% gufugæðum. Með stækkuninni eykst afkastageta virkjunarinnar um 32 MW.



### ULLARÞON



### Verkís leggur hönd á plóg í Ullarþóninu

Verkís tók þátt í Ullarþóninu, hugmynda- og nýsköpunarkeppni á netinu, sem snýst um að koma með nýstárlegar lausnir á ákveðna áskorun eða umræðuefni sem í þessu tilfelli er íslenska ullin, með áherslu á verðminnstu ullarflokkana. Lokaafurðin getur verið allt frá hugmynd, vöru, nýrri tækni um hvernig á að nota ullina.

### Stækka Reykjanesvirkjun án þess að bora nýjar holur

Reykjanesvirkjun verður stækkuð úr 100 MW í 130 MW á næstu tveimur árum án þess að boraðar verði nýjar holur. Um 200°C heitur jarðhitavökvi sem fellur til við vinnslu fyrstu 100 MW er nýttur til raforkuframleiðslunnar. Verkís sá um alla verkfræðilega hönnun verkefnisins og verkefnastjórn á útboðshönnunarstigi verkefnisins.







### Fjölmargir spennandi smávirkjanakostir á Vestfjörðum

Verkís vann yfirgripsmikla skýrslu um frumúttekt á smávirkjanakostum á Vestfjörðum. Úttektin er langt í frá tæmandi en 68 mögulegir smávirkjanakostir fundust á Vestfjörðum og þar af 18 kostir taldir hagkvæmir. Ef farið væri í allar þessar 18 smávirkjanir, myndi uppsett afl þeirra til samans vera um 43 MW.



### Ragnar fjallar um sjálfbærni í byggingariðnaði

Ragnar Ómarsson, byggingafræðingur hjá Verkís, var með erindi á fyrirlestraröð lúnnar fræðsluseturs og Grænni byggðar. Þar fjallaði Ragnar um sjálfbærni í byggingariðnaði þar sem Verkís er mjög framarlega þegar kemur að sjálfbærnimálum.

### Lofthreinsistöð á Hellisheiði

Haustið 2021 hófst starfsemi lofthreinsistöðvarinnar Orca í jarðhitagarði Hellisheiðarvirkjunar. Verkís sá um alla verkfræðilega hönnun og eftirlit á veitukerfum. Stöðin er gríðarstór áfangi í beinni loftföngun CO<sub>2</sub>, en stöðin getur fangað 4.000 tonn af CO<sub>2</sub> á ári. Koltvísýringur er fjarlægður beint úr andrúmsloftinu á öruggan hátt og fargað varanlega með því að breyta honum með náttúrulegri aðferð í stein.



### Verkís stígur skrefi lengra

Frá og með 1. október 2021 mun Verkís eingöngu taka við reikningum á rafrænu formi. Í samræmi við sjálfbærnistefnu Verkís og umhverfismarkmið, hefur á umliðnum árum verið unnið markvisst að innleiðingu pappírlausra viðskipta.

### Úrbætur vegna olíumengunar á Hofsósi

Verkís sá um úrbótaáætlun vegna olíumengunar á Hofsósi. Tillögur Verkís voru meðal annars að lofta um jarðvegin og grafa skurði og leggja rör, ásamt því að fjarlægja þann jarðveg sem greinist mengaður. Ásamt því að farið verði í mótvægisáðgerðir á húsunum sjálfum.



### Ábyrgð okkar er mikil

Verkís kemur að öllum stigum framkvæmda og sérfræðingar okkar bera mikla ábyrgð á að þau mannvirki sem byggð eru veiti athöfnum okkar skjól á umhverfisvænan og hagkvæman máta og nýtist samfélaginu á sem bestan hátt. Mikilvægt er að við sýnum frumkvæði að því að velja betri lausnir, með því að markmiði að lágmarka umhverfisspor og auka lífsgæði fólks.